



# Ársskýrsla Árskóla

Skólaárið 2021 - 2022

## Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b>	<b>3</b>
<b>STARFSTÍMI SKÓLANS</b>	<b>5</b>
NEMENDAFJÖLDI	5
STARFSMANNAHALD	5
STJÓRNENDUR	5
STARFSMENN - STÖÐUGILDI	6
<b>FJÁRMÁL</b>	<b>7</b>
FJÁRHAGSÁÆTLUN ÁRSKÓLA 2017-2021	7
<b>SKÓLANÁMSKRÁ</b>	<b>8</b>
<b>ANNÆÐ SKIPULAG</b>	<b>8</b>
SKÓLARÁÐ	8
NEMENDAFÉLAG	8
SKÓLAÁRIÐ - NÁMSMAT	9
STOÐPJÓNUSTA - STUÐNINGSÚRRÆÐI	9
TEYMISKENNSLA	11
ÁRVIST - FRÍSTUND	12
SKIPULAG FÉLAGSSTARFA	13
<b>SAMSTARF</b>	<b>15</b>
SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA	15
FORELDRAFÉLAG	15
FORELDRASAMSTARF	15
TENGL VÍÐ LEIKSKÓLA	17
TENGL VÍÐ FRAMHALDSSKÓLA	18

TENGLI VIÐ INNLENDAR MENNTASTOFNANIR	18
TENGLI VIÐ ERLENDA SKÓLA	19
<b>SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF</b>	<b>19</b>
<b>VALGREINAR</b>	<b>20</b>
<b>SKÓLASAFN</b>	<b>20</b>
<b>TÖLVU - OG UPPLÝSINGATÆKNI</b>	<b>21</b>
TÆKJABÚNAÐUR	21
ÞRÓUNARVERKEFNI Í UPPLÝSINGATÆKNI	22
<b>MAT Á SKÓLASTARFI</b>	<b>23</b>
SJÁLFSMAT SKÓLA	23
YTRA MAT Á SKÓLASTARFI	24
<b>ENDURMENNTUN</b>	<b>25</b>
FRÆÐSLA INNAN SKÓLANS	25
RÁÐSTEFNUR, NÁMSFERÐIR OG NÁMSKEIÐ UTAN SKÓLANS	25
FRÆÐSLUDAGUR	26
<b>ÞRÓUNARVERKEFNI – NÝBREYTNISTARF</b>	<b>26</b>
VINALIÐAVERKEFNIÐ	26
LESTRARSTEFNA	27
BYRJENDALÆSI	27
OLWEUSARSTARFIÐ	28
VINAVERKEFNIÐ	30
<b>FYLGISKJÖL</b>	<b>31</b>
FYLGISKJAL 1 – SKÓLADAGATAL 2021 - 2022	31
FYLGISKJAL 2 – SKÓLADAGATAL 2022-2023	32

## INNGANGUR

Þegar skólastarf hófst í haust voru sóttvarnartakmarkanir enn við lýði í skólastarfi, þó nemendur væru að mestu undanþegnir þeim. Skólasetning fór að þessu sinni fram án foreldra og gestakomur í skólann voru takmarkaðar. Þessar takmarkanir, sem voru mismiklar eftir tímabilum í vetur, höfðu í einhverjum tilfellum áhrif á skólastarfið. Í byrjun janúar þurfti t.d. að skerða starfsemi mötuneytisins um tíma vegna fjöldatakmarkana.

Skólastarf Árskóla hefur mótast af áratuga gömlum hefðum sem skapa öryggi og festu í síbreytilegu skólastarfi og skapa skólanum sérstöðu. Ekki reyndist unnt að viðhalda öllum hefðum skólans í því ástandi sem var í samfélaginu, en við náðum þó að halda allar árshátíðir nemenda, nema 8. - 9. bekkjar. Einnig tókst að hafa friðargöngu, upplestrarhátíð, dansmaráðon og fara í skólaferðir þrátt fyrir aðstæðurnar. Sumir þessir viðburðir voru með öðru sniði en tíðkast hefur og skólastarfið lagað að þeim reglum sem giltu hverju sinni. Viðtalsdagar á skólaárinu voru tveir, í september og janúar og báðir rafrænir að þessu sinni.

Aðstæður til kennslu eru að mörgu leyti góðar í skólanum, en ekki má ekki gleyma því að A-álma skólans er orðin verulega úr sér gengin og þarfnast sárlega viðhalds, endurbóta og nýrra húsgagna til að hún geti þjónað miðstiginu sem skyldi. Á síðustu árum hafa mjög stórir árgangar komið inn í skólann á yngsta stigi og næsta haust mun fjöldi í hópum byrja að skapa vandræði í A-álmunni þegar þessir stóru árgangar koma upp á miðstigið. Núverandi húsgögn eru fyrirferðarmikil og óhentug fyrir svo stóra hópa. Skólinn býr einnig við nokkur þrengsli og hefur þörf skólans fyrir náttúrufræðistofu, textílstofu og frambærilegan sal til afnota fyrir samkomur af ýmsu tagi, s.s. árshátíðir og tónlistarviðburði aukist með tilkomu Tónlistarskólans innanhúss.

Annað árið í röð höfum við glímt við óvenjulegt skólaár. Það hafa verið margar áskoranir um breytt vinnulag og oft þurfti að endurskipuleggja með litlum fyrirvara. Með miklu samráði og samstöðu náðist að vinna vel úr afar erfiðum aðstæðum. Þrátt fyrir þessar erfiðu aðstæður í skólastarfinu voru nokkrir þættir sem komu sérlega vel út í árlegri skimun starfsfólks og má þar t.d. nefna líðan starfsfólks og samvirkni kennara. Það er sérlega ánægjulegt.

Sauðárkróki, 20. júní 2022

Óskar G. Björnsson skólastjóri

Hallfríður Sverrisdóttir aðstoðarskólastjóri

## STARFSTÍMI SKÓLANS

Skólastarf hófst 16. ágúst með skipulagsdögum og fræðsludegi. Skólasetning fór fram 24. ágúst. Skóla var slitið þriðjudaginn 31. maí. *Skóladagatal 2021-2022* og *skóladagatal 2022-2023* má sjá í fylgiskjölum.

## NEMENDAFJÖLDI

Skólaárið 2021 – 2022 var nemendafjöldi skólans eftirfarandi:

1.	bekkur	42 nemendur
2.	bekkur	40 nemendur
3.	bekkur	40 nemendur
4.	bekkur	43 nemendur
5.	bekkur	32 nemendur
6.	bekkur	37 nemendur
7.	bekkur	34 nemendur
8.	bekkur	33 nemendur
9.	bekkur	31 nemendur
10.	bekkur	34 nemendur

Nemendur voru samtals 366 að vori 2022.

## STARFSMANNAHALD

### STJÓRNENDUR

Auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, sem jafnframt er deildarstjóri miðstigs, starfa við Árskóla 2 deildarstjórar stiga, þær Ragnheiður Matthíasdóttir deildarstjóri yngsta stigs og Kristbjörg Kemp deildarstjóri unglingastigs. Anna Steinunn Friðriksdóttir er

deildarstjóri stoðþjónustu. Þar að auki er deildarstjóri Árvistar - frístundar, Sigríður Inga Viggósdóttir.

Við skólann starfa 75 starfsmenn, þar af eru kennarar 45 talsins, að deildarstjórum meðtöldum. Stöðugildi til kennslu eru 34,3 og kennslustundir á viku skólaárið 2021-2022 eru 892.

#### STARFSMENN - STÖÐUGILDI

<b>Árskóli</b>	<b>Stöðugildi</b>
Stjórnun	4
Kennarar	34,3
Skólaliðar	5,1
Stuðningsf.	9,9
Stuðningsf. frá öðrum sveitarf.	0,5
Matráðar	4,2
Skólaritari	1
Umsjónarmaður/húsvörður	1
Náms- og starfsráðgjafi	0,5
<b>Samtals:</b>	
<i>Kennarar og stjórnendur</i>	<i>38,3</i>
<i>Aðrir starfsmenn</i>	<i>21,8</i>
<b>Samtals</b>	<b>60,5</b>

### Árvist (frístund)

Starfsmenn	2,8
Stjórnun	0,7
<b>Samtals</b>	<b>3,5</b>

### FJÁRMÁL

#### FJÁRHAGSÁÆTLUN ÁRSKÓLA 2017-2021

Í töflu hér að neðan má sjá yfirlit yfir úthlutun fjármagns í milljónum til skólans sl. 5 ár. Þarna er eingöngu átt við fjármagn til skólans (lykill 04213), án sérdeildar og Árvistar.

Liðir	2017	2018	2019	2020	2021
Tekjur	33,3	42,1	44,7	41,9	52,6
Laun	470,8	478,8	502,8	556,7	604,9
Vörukaup	58,7	62,5	64,4	59,9	63,9
Þjónustukaup	170,3	193,8	190,0	190,0	200,9
<i>-þar af innri leiga</i>	119,6	116,1	133,9	133,6	147,0
<i>-þar af skólaakstur</i>	26,0	28,2	37,9	37,8	37,9
<b>Samtals</b>	<b>666,7</b>	<b>693,0</b>	<b>707,0</b>	<b>764,7</b>	<b>817,6</b>



## SKÓLANÁMSKRÁ

Skólanámskrá Árskóla er tvískipt, annars vegar almenn stefnumörkun skólans sem birt er í skólanámskrá og hins vegar starfsáætlun skólans með upplýsingum sem eru breytilegar frá ári til árs. Starfsáætlunin er uppfærð árlega og skólanámskrá eftir þörfum.

## ANNAÐ SKIPULAG

### SKÓLARÁÐ

Samkvæmt grunnskólalögum frá 2008 skal starfa skólaráð við hvern grunnskóla. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald. Auk skólastjóra sitja í skólaráði tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs.

Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri funda að jafnaði mánaðarlega með skólaráði, kynna þeim áætlanir skólans og fjalla um skólastarfið. Í vetur voru fundir skólaráðs í lágmarki vegna Covid. Fundargerðir eru birtar á vef skólans.

### NEMENDAFÉLAG

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag samkvæmt grunnskólalögum. Stjórn nemendafélags Árskóla vinnur að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Stjórn nemendafélagsins er skipuð fulltrúum nemenda í 7. - 10. bekk. Starfsreglur hennar eru á vef skólans. Deildarstjóri unglíngastígs fundar með stjórninni. Fundargerðir eru birtar á vef skólans.

## SKÓLAÁRIÐ - NÁMSMAT

Í grundvallaratriðum byggir námsmat skólans í því að nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum skólans í öllum námsgreinum jafnt og þétt yfir skólaárið. Sett eru fram metanleg hæfniviðmið skólans í öllum námsgreinum og er hvert markmið orðað þannig að það sé metanlegt með matskvarða. Hæfniviðmið skólans eru nánari útfærsla á hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla 2011 og 2013. Á yngsta- og miðstigi eru hæfniviðmiðin metin með hæfnikvarðanum *Framúrskarandi, Hæfni náð, Á góðri leið, Þarfnast þjálfunar, Hæfni ekki náð*. Lokaeinkunn í hverri námsgrein er gefin að vori með sama kvarða á yngsta stigi, en með matskvarðanum *A, B+, B, C+, C, D á miðstigi*. Á unglíngastigi er notaður matskvarðinn *A, B+, B, C+, C, D* bæði fyrir einstök hæfniviðmið og lokaeinkunn. Formlegt námsmat var unnið jafnt og þétt yfir skólaárið, rætt í foreldraviðtölum í janúar og afhent við skólaslit að vori. Í öllu námsmati er gert ráð fyrir að kennarar noti símat en byggi námsmatið ekki eingöngu á einstökum prófum eða könnunum. Vægi einstakra þátta getur verið breytilegt eftir námsgreinum, en er nánar tiltekið í náms- og kennsluáætlunum kennara. Foreldraviðtalsdagur í september og janúar voru rafrænir að þessu sinni vegna ástandsins í samfélaginu.

## STOÐÞJÓNUSTA - STUÐNINGSÚRRÆÐI

Undir stoðþjónustu Árskóla starfa deildarstjóri sérkennslu, náms- og starfsráðgjafi, þroskaþjálfari, stuðningskennarar og stuðningsfulltrúar. Einnig er hægt að sækja frekari þjónustu til Fræðsluþjónustu Skagafjarðar. Deildarstjóri sérkennslu hefur yfirumsjón með og annast skipulagningu og ráðgjöf á allri sérkennslu, stuðningskennslu og öðrum stuðningi við nemendur í skólanum. Lagt er upp úr góðri samvinnu milli deildarstjóra, þroskaþjálfara, náms- og starfsráðgjafa, kennara og annarra sem koma að nemendum enda samvinna forsenda árangursríks starfs. Geta

ber þess að náms- og starfsráðgjafi Árskóla var í 50% stöðuhlutfalli fram að áramótum en fór þá í fæðingarorlof.

Í vetur störfuðu 13 kennarar og 14 stuðningsfulltrúar við stoðþjónustu Árskóla í mismunandi stöðuhlutföllum. Einn þroskaþjálfari er í fullu starfi við skólann. Stuðningstímar kennara námu allt frá 1 kennslustund til 27. Alls voru stuðningstímarnir 155 á viku, þar af 130 kennarastundir og 25 þroskaþjálfastundir. Vinnuframlag stuðningsfulltrúa var um 337 klukkustundir á viku sem fólst aðallega í einstaklingsaðstoð við nemendur en einnig að hluta til við almenna aðstoð í bekk.

Markmið stoðþjónustu Árskóla er að mæta þörfum nemenda með sérþarfir. Það er gert með sérkennslu, stuðningskennslu og/eða öðrum sértækum úrræðum. Áhersla er samt sem áður ætíð lögð á að allir nemendur taki sem mestan þátt í bekkjarstarfi og sitji kennslustundir með bekkjarfélögum eins og kostur er. Nemendum með mikil þroskafrávik eða aðra sérhæfða erfiðleika eru boðin úrræði í athvörfum/sérkennslurýmum á hverju stigi.

Sérkennsla getur falið í sér breytingar á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum miðað við það sem öðrum nemendum á sama aldri er boðið upp á. Tekið er mið af þörfum og styrkleikum hvers einstaklings og leitast er við að ná settum markmiðum með jákvæðu viðmóti og virðingu fyrir einstaklingnum um leið og lögð eru fyrir verkefni við hæfi. Unnið er samkvæmt einstaklingsnámskrá sem sérkennari/þroskaþjálfari og umsjónarkennarar/greinakennarar útbúa í hverju tilviki fyrir sig í samráði við foreldra/forsjáraðila og annað starfsfólk. Stuðningskennsla er vinna með nemendum sem þurfa stuðning og aðhald við námið en fylgja samt markmiðum jafnaldra eftir. Kennslan fer ýmist fram sem stuðningur í kennslustund eða í litlum nemendahópum.

Hlutverk stuðningsfulltrúa er að auka færni og sjálfstæði nemenda, hvort heldur sem er námslega eða félagslega. Þeir vinna undir stjórn deildarstjóra eða kennara við að

aðstoða kennara við að sinna einum eða fleiri nemendum sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Góð samvinna hefur verið við fyrirtæki og stofnanir í bænum við að finna sérhæfð úrræði fyrir eldri nemendur í formi starfsþjálfunar til að auka hlut verklegrar vinnu á kostnað bóklegrar. Áhersla verður á að auka þennan þátt í náminu og koma þannig enn betur á mótis við mismunandi þarfir nemenda.

Teymi eru mynduð utan um nemendur með sérþarfir af ýmsu tagi til að halda utan um málefni þeirra og námsframvindu. Oftast er um að ræða nemendur með þroskafrávik, sértæka námsörðugleika og/eða aðrar sérþarfir. Fundir eru að öllu jöfnu haldnir á 6 - 8 vikna fresti. Í teymunum sitja að öllu jöfnu foreldrar, umsjónarkennari/ar, deildarstjóri sérkennslu og/eða stiga, þroskaþjálfari/sér- og stuðningskennari, stuðningsfulltrúi, auk aðila frá tengslastofnunum ef við á.

#### TEYMISKENNSLA

Teymiskennsla hefur verið í öllum árgöngum skólans síðustu níu skólaár. Unnið er með hvern árgang í heild sem bekkjardeild og umsjónarkennarar eru yfirleitt tveir, en þrír í stærri árgöngum. Með teymiskennslu er átt við að tveir eða fleiri kennarar vinni saman að kennslu í sama rými. Umsjónarkennarar/kennarar í teyminu bera sameiginlega ábyrgð á kennslunni og skipulagi hennar og njóta liðsinnis stuðningskennara og/eða stuðningsfulltrúa sem eru þátttakendur í teyminu.

Teymiskennslan er með ýmsu sniði, algengt er að kennararnir í teyminu deili með sér kennslu allra nemendanna en einnig er nemendum gjarnan skipt í mismunandi hópa eftir námsþörfum eða námsefni. Hver árgangur hefur tvær opnar, samliggjandi kennslustofur og hafa kennarar möguleika á að loka á milli eftir hópum og viðfangsefni.

Markmið með teymiskennslunni er að efla skólastarfið enn betur en mörg kennslufræðileg- og félagsleg rök mæla með þessum kennsluháttum. Má þar nefna meiri sveigjanleika og fjölbreytni í verkefnum og kennsluaðferðum, meiri samvinnu og samhæfingu kennslu í árganginum, auðveldara er að koma til móts við námsþarfir hvers nemanda, nemendur fylgjast með góðum samskiptum kennaranna og upplifa jákvæða fyrirmynd í samskiptum fullorðinna. Kennsluáætlun heldur sér þótt einn kennara vanti og forfallakennari komi í hans stað og fjölbreyttari félagahópur getur leitt til meiri samheldni innan nemendahópsins. Fjárhagsleg rök eru einnig fyrir hendi því nýting á starfsfólki skólans verður hagkvæmari auk þess sem skólahúsnæðið er betur nýtt. Ókostir við teymiskennsluna eru að skipulag er þyngra í vöfum og að nokkru leyti tekur það lengri tíma, auk þess sem sumum nemendum finnst erfitt að vinna í áreiti sem kann að fylgja stærri nemendahópum.

#### ÁRVIST - FRÍSTUND

Árvist er frístundaheimili eftir að skóla lýkur fyrir börn í 1. og 2. bekk. Öll börn í 1. og 2. bekk komast að í Árvist eftir að sú breyting var gerð að færa frístund fyrir 3. - 4. bekk í Hús frítímans. Börn sem búa við fötlun og/eða veikindi í 1. - 4. bekk eru á forsjá Árvistar í frístundastarfi.

Skrá þarf börnin í Árvist og er hægt að skrá þau frá einni klukkustund upp í þrjár og hálf klukkustund á dag. Skráning er gerð fyrir fram og gildir fyrir allt skólaárið. Hægt er að breyta vistunartíma og þarf að vera búð að því fyrir 20. hvers mánaðar.

Fjárhagsáætlun og stærð húsnæðis setur ramma utan um starfsemina.

Opið er í Árvist kl. 13:10-16:10 alla skóladaga, 15 pláss eru til kl. 16:30. Opið er á starfs- og skipulagsdögum skólans, foreldraviðtalsdögum og í vetrarfríum. Lokað er í

jóla- og páskafríum. Árvist opnar viku fyrir skólasetningu og er opin vikuna eftir skólaslit eða þangað til Sumar TÍM hefst.

Skólaárið 2021 - 2022 voru 77 - 80 börn skráð í Árvist, flest í heilsdagsvistun.

Mikið og öflugt íþróttastarf er í boði hjá UMFT og eru nánast öll börn sem eru í Árvist í einhverjum íþróttum. Íþróttastarf er frá kl. 13 - 16 á daginn og sér starfsfólk Árvistar um að koma börnunum til og frá íþróttum.

Einnig er hægt að fara í tónlistarskólann á Árvistartíma. Starfsfólk Árvistar sér um að fara með og sækja börnin á sundnámskeið á haustin og á vorin.

Íþróttastarf tekur mikinn tíma í Árvist og er það ánægjulegt. Börnin eru einnig mikið í fjálsam leik, fönndra, lita og útiveru.

Starfsárið 2021 - 2022 hefur gengið mjög vel og börn og starfsfólk eru ánægð með árið.

Starfsmenn Árvistar þetta skólaár voru tíu, sex almennir starfsmenn, 3 stuðningsfulltrúar, einn starfsmaður í eldhúsi og deildarstjórinn Sigríður Inga Viggósdóttir.

#### SKIPULAG FÉLAGSSTARFA

Umsjónarkennarar halda utan um félagsstarf í sínum bekk. Þeir skipuleggja bekkjarkvöld, spilakvöld, vinabekkjasmveru, litlu jól og skemmtanir, gjarnan með foreldrum, en í samstarfi við foreldrafélag skólans starfa 2 - 4 tengiliðir í hverjum bekk sem fulltrúar foreldra.

1. – 4. bekkur. Bekkjarkvöld eru að öllu jöfnu haldin að tvisvar á skólaári. Árshátíð hvers árgangs, þar sem nemendur koma fram með ýmis skemmtiatriði og leikþætti, er haldin árlega og er foreldrum og öðrum aðstandendum boðið á sýningu í Bifröst.

5. – 7. bekkur. Bekkjarkvöld eru að öllu jöfnu haldin tvisvar á skólaári. Árshátíð þar sem allir nemendur viðkomandi bekkja koma fram er haldin árlega. Umsjónarkennarar aðstoða nemendur við undirbúning. Ágóði rennur í ferðasjóð 7. bekkjar, en 7. bekkur fer í þriggja daga ferðalag að vori. Umsjónarkennarar 7. bekkjar aðstoða við fjáröflun vetrarins. Auk þess gefa nemendur 7. bekkjar út skólablað miðstigs, *Skólatrall* sem selt er til fjáröflunar.

8. – 10. bekkur. Bekkjarkvöld eru haldin að lágmarki tvisvar á skólaári (8. - 9. bekkur). Árshátíð 8. og 9. bekkjar er haldin í desember. Á þessu skólaári féll árshátíðin niður í desember vegna heimsfaraldursins. Árshátíð 10. bekkjar, leiksýningar á barnaleikriti, er haldin í mars. Ágóði árshátíða unglíngastigs rennur í ferðasjóð 10. bekkinga sem fara í 5 daga ferð til Danmerkur og Svíþjóðar. Nemendur í leiklistarvali 10. bekkjar bera hitann og þungann af leikritinu sjálfu, en allir nemendur í 10. bekk koma að sýningunum með einum eða öðrum hætti. Undanfarin ár hafa sýningar verið u.þ.b. 10 talsins. Umsjónarkennarar 10. bekkjar og deildarstjóri aðstoða nemendur við undirbúning og alla fjáröflun. Auk leiksýninga er ein aðalfjáröflunin dansmaraþon 10. bekkjar sem haldið er fyrri hluta októbermánaðar. 10. bekkur gefur einnig út skólablað unglíngastigs, *Glóðafeyki*, til fjáröflunar.

Nokkur ferðalög eru farin á vegum skólans og er komin hefð á flesta áfangastaði:

1. bekkur: Heimsókn á sveitabæ – Ríp í Hegranesi.
2. bekkur: Heimsókn í Glaumbæ – Víðimýri, Varmahlíð og skógrækt.
3. bekkur: Farið heim að Hólum.
4. bekkur: Dagsferð. Blönduós, Skagatrönd og nágrenni.
5. bekkur: Dagsferð til Dalvíkur og Hríseyjar. Einnig er farin Skagafjarðarferð, samtvinnuð Skín við sólu verkefninu.
6. bekkur: Dagsferð til Akureyrar.
7. bekkur: Skólabúðir að Reykjum (5 d.). Vorferðalag um Suðurland (3 d.)

8. bekkur: Dagsferð til Akureyrar.
9. bekkur: Menningarferð (dagsferð) til Reykjavíkur.
10. bekkur: Skólaferðalag/nemendasamskipti (5 dagar) til Danmerkur og einnig Svíþjóðar.

## SAMSTARF

### SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA

#### FORELDRAFÉLAG

Við skólann starfar foreldrafélag sem er skipað fulltrúum foreldra. Félagið hefur m.a. staðið fyrir fyrirlestrum um skóla- og uppeldismál ásamt ýmsum viðburðum á vegum skólans og í samstarfi við kennara.

Í hverjum árgangi eru tveir til fjórir foreldrar tengiliðir. Þeir funda með umsjónarkennurum nokkrum sinnum á skólaárinu og aðstoða við félagsstarf í sínum bekk. Umsjónarkennarar hafa samband við tengiliði þegar þeir vænta þátttöku foreldra í skólastarfinu en jafnframt hafa tengiliðir frumkvæði að samstarfi. Foreldrafélagið hefur m.a. staðið fyrir vinahringjum í yngri bekkjum. Vinahringir voru þó ekki starfandi í vetur vegna Covid19.

#### FORELDRASAMSTARF

Nauðsynlegt er að leggja rækt við samvinnu skóla og heimila og auka þátt foreldra í skólastarfinu og reynir skólinn að leggja sitt af mörkum til að svo megi verða. Að hausti boða umsjónarkennarar hvers árgangs foreldra til sín og kynna þeim námsefni vetrarins, áætlanir viðkomandi árgangs og skólastarf vetrarins. Foreldrum gefst einnig tækifæri til að hitta stjórnendur og koma með fyrirspurnir. Stuttur fundur fyrir foreldra 1. bekkinga er haldinn í júní til að kynna þeim skólastarf komandi vetrar. Skólinn stendur fyrir ítarlegra fræðslunámskeiði fyrir foreldra 1. bekkinga að hausti,



sem mælst hefur mjög vel fyrir. Þar er skólastarfið kynnt rækilega, byrjendalæsi, stoðkerfið, sálfræðipjónusta skólans og starfsemi fræðsluþjónustu.

Í 5. bekk hefur í mörg á verið haldinn fræðslufundur fyrir foreldra þar sem fjallað er sérstaklega um sameiginleg viðmið og gildi í uppeldi barna auk þess sem Olweusaráætlunin er kynnt. Einnig hefur verið fjallað um netnotkun barna og þær hættur sem ber að varast. Fundurinn féll niður í skólaárin 2020-2022.

Í 8. bekk hefur einnig í nokkur ár verið haldinn fræðslufundur fyrir foreldra að hausti. Á fundinum eru foreldrum kynntar breyttar áherslur í námi og starfi þegar komið er á unglingastig. Haldnir eru fyrirlestrar, annars vegar um breytingar sem fylgja unglingsárunum og hins vegar um netnotkun unglinga og hættur í netheimum. Olweusaráætlunin er einnig ítrekuð á þessum fundi. Fundurinn féll niður skólaárin 2020-22.

Kennarar 1. bekkjar kalla foreldra og börn inn í sérstök viðtöl við upphaf skólagöngu. Að vori eru valgreinar næsta skólaárs kynntar nemendum í 8. og 9. bekk og valblað afhent. Tölvupóstur er sendur út til foreldra/forsjáraðila þar sem námsframboð er kynnt. Bæklingur um námsval fyrir næsta skólaár er birtur á vef skólans. 10. bekkingar fá kynningu á innritunarferli framhaldsskólans. Fulltrúar FNV heimsækja 10. bekkinga og kynna þeim námsframboð og tilhögun náms. Þeim og foreldrum þeirra er einnig boðið til skólakynningar í FNV. 7. bekkingar fá kynningu á þeim valgreinum sem standa þeim til boða í 8. bekk, kynningunni er fylgt eftir með valblaði og tölvupósti til foreldra.

Kennarar eru hvattir til þess að hafa samband að fyrra bragði við foreldra vegna allra tilvika sem upp geta komið í skólastarfinu og snerta nemendur. Þetta á bæði við um þegar vel gengur og eins þegar eitthvað bjátar á og finna þarf leiðir til að leysa úr

verkefnum. Oft er leitað til foreldra eftir aðstoð við skólastarfið, t.d. við undirbúning jóla- og bekkjarskemmtana, vegna ferðalaga og vettvangsferða.

## TENGLI VIÐ LEIKSKÓLA

Undanfarin ár hefur Árskóli átt blómlegt samstarf við leikskólann Ársali með sameiginlegum fundum og gagnkvæmum heimsóknum nemenda, sérstaklega yngstu nemendanna.

Deildarstjóri og kennarar yngsta stigs Árskóla halda reglulega fundi með leikskólastjóra og kennurum í Ársölum þar sem samstarfið er skipulagt. Slíkur fundur var haldinn haustið 2021 þar sem samstarf skólanna var skipulagt en vegna heimsfaraldursins féllu flestir dagskrárliðir og heimsóknir á viðburði niður í vetur.

Þó fóru nokkrar gagnkvæmar heimsóknir fram. Skólahópur Ársala kom í heimsókn á bókasafn, í kennslustundir í heimastofu 1. bekkjar og í íþróttatíma með 1. bekk. Nemendur 1. bekkjar heimsóttu Ársali í leik á skólalóð og nemendur 2. bekkjar fóru og lásu fyrir börnin í Ársölum.

Starfsmenn skólanna hafa m.a. leitað leiða til að auðvelda flutning nemenda úr leikskóla í grunnskóla, sótt sameiginlegt námskeið og samræmt kennsluáðferðir að hluta. Kennaraskipti eru að jafnaði tvisvar á ári en þau féllu niður í vetur.

Hefð hefur myndast fyrir því að deildarstjóri yngsta stigs og verðandi kennarar 1. bekkjar verði viðstaddir skólaslit í Ársölum að vori og leikskólakennarar úr Ársölum starfi í Árskóla fyrsta skóladag 1. bekkjar að hausti.

Skilafundur vegna verðandi 1. bekkinga með sérþarfir er haldinn í maí ár hvert. Þann fund sitja deildarstjórar og þroskaþjálfari í skólahópi Ársala, deildarstjóri yngsta stigs Árskóla, deildarstjóri sérkennslu Árskóla, forstöðumaður Árvistar og verðandi

kennarar 1. bekkjar Árskóla. Skilafundur vegna annarra verðandi 1. bekkinga er haldinn um miðjan ágúst. Þann fund sitja að öllu jöfnu deildarstjórar skólahóps, deildarstjóri yngsta stigs Árskóla og umsjónarkennarar 1. bekkjar.

#### TENGLI VIÐ FRAMHALDSSKÓLA

Gott samstarf er við Fjölbautaskóla Norðurlands vestra. Fulltrúar frá framhaldsskólanum koma í heimsókn í Árskóla og eru með kynningu fyrir 10. bekkinga. Nemendur fá ítarlega kynningu á námsframboði skólans, áfangakerfi og skólareglum. Nemendum 10. bekkjar og foreldrum þeirra er einnig boðið á kynningarfund í FNV þar sem skólastarfið; námsframboð og félagslíf er útlistað. Að auki var nemendum 10. bekkjar boðið í skipulagða heimsókn í FNV á skólaárinu og fengu þar leiðsögn um skólann auk þess að vera boðið á skemmtikvöld nemendafélagsins.

Árskóli er í samstarfi við FNV varðandi kennslu í nokkrum valgreinum í 9. og 10. bekk, s.s. FabLab, hönnun og smíði og málmsmíðalist.

Árskóli hefur einnig verið í samstarfi við Hólaskóla, þar sem 8. og 9. bekkjum er boðið upp á valgreinina hestamennsku, bóklega og verklega, undir leiðsögn kennaranema á leiðbeinendastigi (æfingakennsla). Er þarna um fjögurra daga námskeið að ræða og hefur þetta samstarf skólanna tekist afar vel. Fjórir nemendur úr 9. bekk og átta nemendur úr 8. bekk tóku þátt í námskeiðinu í vetur.

#### TENGLI VIÐ INNLENDAR MENNTASTOFNANIR

Ætíð hefur verið gestkvæmt í Árskóla. Það sem helst hefur þótt áhugavert við skólann er upplýsingatæknin, innra matið, vinaliðar, teymiskennslan og skólamenningin. Í vetur komu starfsmenn Dalvíkurskóla og Samundarskóla í slíkar

kynnisferðir í Árskóla og einnig kom fjöldi kennara í heimsókn í tengslum við Utís ráðstefnuna 5. nóvember sl.

#### TENGLI VIÐ ERLENDI SKÓLA

Skólinn hefur í tugi ára átt í samstarfi við Højelse skole í Danmörku. Þessi samskipti hafa einkennst af gagnkvæmum heimsóknum og tölvusamskiptum nemenda og kennara. Í nóvember heimsótti nemendahópur frá danska skólanum 10. bekkinga í Árskóla. Heimsóknin var svo endurgoldin í maímánuði með skólaferðalagi 10. bekkinga úr Árskóla til Danmerkur.

Undanfarin ár hefur Árskóli verið í skólasamstarfi við önnur Evrópulönd og hefur samstarfið hlotið Erasmusstyrki. Á þessu skólaári fóru tveir kennarar og þrír nemendur til Portúgal og tóku þar þátt í verkefni um loftslagsmál. Næsta haust mun Árskóli taka á móti nemendum og kennurum frá þeim löndum sem þátt taka í verkefninu. Þau eru Kýpur, Portúgal, Skotland og Þýskaland.

#### SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF

Samræmd könnunarpróf voru ekki lögð fyrir á skólaárinu og frekari þróun Matsferils, nýrrar verkfærakistu til kennara og skóla, er í þróun. Matsferill mun innihalda fjölbreytt og hnitmiðuð rafræn próf og verkefni fyrir grunnskólanemendur og kennara til að fylgjast með námsframvindu nemenda og bæta nám þeirra og námsárangur.

Gert er ráð fyrir að fyrir haustið liggi fyrir útfærsla á fyrirkomulagi samræmds námsmats til framtíðar og að samráð um þróun Matsferils haldi áfram með hagsmunaaðilum.

## VALGREINAR

Í 8. bekk geta nemendur valið sér námsgrein í 2 stundir á viku. Í vetur voru í boði námsgreinarnar fílab, fluguhnýtingar, heimabyggðin mín, leiklist, listasmiðja, skák og borðspil, hreyfimyndagerð og útivistarval. Í 9. – 10. bekk er einnig boðið upp á fjölbreytt úrval valgreina. Undanfarin ár hefur skólinn boðið nemendum að fá íþróttæfingar hjá íþróttafélagi, t.d. fótbolta, körfubolta og frjálsar íþróttir metnar sem valgrein samkvæmt ákveðnum reglum sem skólinn setur og í vetur voru 18 nemendur sem nýttu sér það. Gerður er sérstakur samningur varðandi slíkar valgreinar þar sem nemendur þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði varðandi ástundun. Einnig geta nemendur fengið fullt nám í Tónlistarskóla metið sem valgrein og nýttu 4 nemendur sér það. Nemendum stóð einnig til boða að fá ungliðastarf hjá Björgunarsveitinni Tröllla metið sem valgrein og nýttu 3 nemendur sér það. Undanfarin ár hefur valgreinum sem eru hálfan vetur verið fjölgað til þess að gefa fleiri nemendum kost á að komast að í vinsælum valgreinum.

## SKÓLASAFN

Í skólanum er rúmgott skólabókasafn. Þar er góð vinnuaðstaða fyrir minni hópa. Hægt er að vera með einn árgang í vinnu á svæðinu ef svo ber undir. Bókakostur safnsins er ágætur og nokkuð fjölbreyttur þó fjárveitingar til safnsins mættu vera ríflegri. *1. - 4. bekkur voru með tvo fasta tíma á viku í safnkennslu.* Allir nemendur nýttu sér bókakostinn fyrir frjálsan lestur og margir fyrir heimildavinnu. Árlegur „bangsadagur“ var fyrir 1. - 6. bekk. Allir árgangar fengu bókakynningu fyrir jólin. Nokkrir bókaklúbbar eru á safninu fyrir nemendur og eru þeir lestrarhvetjandi fyrir marga. *Útlánatölur fyrir skólaárið 2021-2022 vantar þar sem búið er að loka Gegni vegna yfirfærslu í nýtt kerfi.* Gert er ráð fyrir að þær hafi verið svipaðar og síðustu ár þar sem ekki þurfti að loka safninu vegna ástandsins í þjóðfélaginu.

### Útlán safnsins síðustu skólaár.

<b>Skólaár</b>	<b>Fjöldi bóka</b>
2017-2018	7189*
2018-2019	9676*
2019-2020	5895*
2020-2021	6824*

\*Útlán utan Gagnis eru ekki inni í þessari tölu. Bækur sem fara í kennslustofur eru ekki heldur inni í þessari tölu. Nemendur í 1. - 7. bekk fá 40 - 50 bækur til að hafa í stofunum og er þeim skipt út einu sinni á önn. Bækur og tímarit voru aðgengileg á göngum á Þekju og A-álmú.

## TÖLVU - OG UPPLÝSINGATÆKNI

### TÆKJABÚNAÐUR

Eins og Aðalnámskrá grunnskóla gerir ráð fyrir þarf að þjálfra hvern nemanda markvisst í upplýsinga- og miðlalæsi alla skólagönguna. Samhliða nýtingu upplýsinga- og samskiptatækni á Netinu er nauðsynlegt að nemendur þekki helstu reglur um örugg samskipti á stafrænum miðlum, höfundarétt, læri að virða siðferði í meðferð upplýsinga og heimilda og sýni víðtæka hæfni í notkun tækni og miðlunar. Til að breyta kennsluháttum í takt við þarfir 21. aldarinnar eru þráðlaus tæki orðin nauðsynleg til að geta unnið óhindrað með öðrum, hvar og hvenær sem er. Tækjabúnaður skólans þarf því að vera í takt við tímann.

Áframhaldandi vinna var með upplýsingatækni í námi og kennslu og nú er svo komið að allir nemendur skólans ýmist eiga eða hafa aðgang að sinni eigin spjaldtölvu.

Eins og staðan er núna eru 15 borðtölvur í stóru tölvustofunni en einnig 70 Chromebook fartölvur til útláns á öllum stigum og hafa þær reynst mjög vel. Minni

tölvustofunni hefur verið breytt í tækniherbergi þar sem 5 iMac tölvur, aðrir iPadar og gagnvirk tæki eins og Dash og Sphero eru hlaðin og geymd. Skólinn á nú allan tölvu- og tæknibúnað og nemendur og starfsmenn búnir að færa sig að fullu í G Suite for Education frá Google. Utanumhald og uppfærslur á tækjabúnaði skólans er í MDM kerfinu JAMF.

#### ÞRÓUNARVERKEFNI Í UPPLÝSINGATÆKNI

Haustið 2014 fór af stað verkefni í breytingu kennsluhátta þar sem þjálfun starfsmanna, fagleg umræða, iPad spjaldtölvur og fartölvur spila stórt hlutverk. Í upplýsingasamfélagi 21. aldarinnar hættir nám ekki um leið og skólabjallan hringir í lok dags heldur geta nemendur nú lært það sem þeir vilja, þegar þeir vilja, ef þeir hafa til þess tæki og hafa lært að nýta þau sér til gagns, upplýsingaöflunar og -miðlunar.

Með innkomu tækja í skólastofuna verður töluverð breyting á því hvernig vinna nemenda fer fram. Lagt er upp með að nýta tækin til náms en ekki sem leiktæki eða „verðlaun“ fyrir nemendur. Ný vinnubrögð hafa rutt sér til rúms í kennslustofunni og áherslan hefur farið frá kennaranum yfir á nemandann og hans vinnubrögð. Hópavinna nemenda hefur aukist með tilkomu tækninnar og hafa nemendur öðlast aukna færni í að vinna saman og komast að sameiginlegri niðurstöðu. Þetta hefur þroskað þá í samskiptum og tillitssemi. Áhugi og viðhorf nemenda til náms og skólans hafa tekið stakkaskiptum til hins betra. Skil á verkefnum eru meira skapandi, nemendur hafa yfirleitt val um hvort þeir skili í formi texta, hljóðs, myndbanda eða með öðrum hætti. Þar spilar tæknin stórt hlutverk í sköpuninni.

## MAT Á SKÓLASTARFI

### SJÁLFSMAT SKÓLA

*Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri. Skólanámskráin er lögð til grundvallar í öllu mati skólans, en hún er sá faglegi grundvöllur sem skólastarfið byggir á. Þar eru markmið skólastarfsins sett. Markviss endurmenntunar- og þróunaráætlun er síðan unnin út frá niðurstöðum matsins.*

Skólinn hefur byggt sjálfsmat sitt á skoskri sjálfsmatsaðferð, *How good is our school*, allt frá árinu 1999. Starfsfólk Skólaskrifstofu Skagfirðinga þýddi aðferðina yfir á íslensku það ár og var aðferðin nefnd *Gæðagreinar*. Aðferðin hefur verið notuð í grunnskólum í Skagafirði og víðar um land síðan. Skotarnir hafa þróað og uppfært sjálfsmatsaðferðina í gegnum árin. Þriðja útgáfa Skotanna var þýdd yfir á íslensku og gefin út árið 2010 og nefndist þá *Gæðagreinar 2*. Fjórða útgáfa Skotanna var þýdd og gefin út í Sveitarfélaginu Skagafirði í apríl 2016. Íslenska þýðingin ber heitið *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* Innleiðing á nýrri útgáfu á *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* hófst í Árskóla vorið 2016. Samhliða verða gæðagreinar sem starfsfólk skólans hefur búið til á síðustu misserum um skólastarf í Árskóla lagðir fyrir til mats og umbóta. Starfsfólk skólans er orðið vel þjálfað í innra mati á skólastarfinu sem byggir á ábyrgri, faglegri ígrundun og þátttöku allra þar sem umbótamiðað skólastarf er grunnhugsunin. Nemendur hafa einnig oft komið að innra mati og tekið virkan þátt í mati á skólastarfinu með sjálfsmatsaðferðinni. Stefnt er í átt að *framúrskarandi skólastarfi*. Vegna aðstæðna í skólastarfinu sl. vetur fór minna fyrir innra mati en oft áður og ekki var um neitt nemendamát að ræða. Niðurstöður mats



starfsfólks og umbótaáætlanir sem settar hafa verið fram á skólaárinu má skoða í sjálfsmatsskýrslu skólans sem gefin er út árlega og birt á heimasíðu skólans.

Fyrir tveimur árum tók Árskóli í notkun vefkerfið Bravo Lesson, sem ætlað er að stuðla að aukinni skilvirkni og auðvelda framkvæmd sjálfsmats og gerð umbótaáætlana. Vinnan í kerfinu eflir skipulag og sparar tíma auk þess að búa yfir þeirri hagræðingu að geta flutt út skýrslur og birt myndrit við kynningar og á heimasíðu skólans. Bravo Lesson býður upp á fleiri möguleika, t.d. er hægt að nýta það við vettvangsathuganir í skólum.

#### YTRA MAT Á SKÓLASTARFI

Í vetur fór fram ytra mat á skólastarfi Árskóla á vegum Menntamálastofnunar. Lagt var mat á þrjá fyrirfram ákveðna matsþætti sem eru stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Niðurstöðum var skilað í skýrslu þar sem fram komu styrkleikar og tækifæri til umbóta á hverjum matsþætti fyrir sig. Niðurstöður voru skólanum mjög í hag en umsagnir voru ýmist:

*„Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.“* eða *„Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.“*

Fyrir tveimur árum tók Árskóli þátt í tilraunaverkefni á vegum Fræðsluþjónustu Sveitarfélagsins Skagafjarðar sem nefnist Skólaspegillinn, staðfest sjálfsmat. Stjórnendur skólanna í Skagafirði mynduðu teymi ásamt fulltrúum frá fræðsluviði til að leggja mat á valda þætti skólastarfsins í Árskóla.

Markmið og tilgangur Skólaspegilsins eru:

- Að skapa sameiginlegan skilning á starfi innan skólasamfélagsins
- Að stuðla að framförum með því að styðja skóla við að auka gæði skólastarfs
- Að læra af og deila góðu verklagi á milli skóla
- Að meta skólastarfið og upplýsa um getu skólans til umbóta

- Að tryggja gæði menntunar
- Að styrkja skólastjórnendur í starfi og skapa þeim vettvang til samstarfs og starfsþróunar
- Að uppfylla lagaskyldur um ytra mat á sveitarfélagsstigi

Vonir stóðu til að notkun Skólaspegilsins í skagfirskum grunnskólum leiddu til aukinnar samvinnu og samábyrgðar á milli skóla og fræðsluyfirvalda í héraði um gæði menntunar barna í sveitarfélaginu. Skapa átti nýjan vettvang fyrir virkt lærdómssamfélag þar sem allir hagsmunaaðilar í skólastarfi leggi sitt lóð á vogarskálarnar til að meta skólastarf reglubundið með umbótamiðuðum hætti.

Gert var ráð fyrir mati á öllum grunnskólum í Skagafirði að jafnaði annað eða þriðja hvert ár með aðferðum Skólaspegilsins, en vegna aðstæðna sl. vetur var ekki haldið áfram með þetta tilraunaverkefni í hinum skólunum eins og til stóð.

## ENDURMENNTUN

### FRÆÐSLA INNAN SKÓLANS

Innleiðingu á *Byrjendalæsi* hefur verið fylgt eftir á skólaárinu. Þrír kennarar frá Árskóla lögðu stund á nám í byrjendalæsi í vetur en alls hafa 22 kennarar í Árskóla útskrifast sem byrjendalæsiskenningar.

Af augljósum ástæðum var ekki mikið um fræðsluerindi fyrir starfsfólk skólans í vetur vegna samkomutakmarkana. Á skipulagsdegi 4. nóvember var Utís dagur í skólanum með fræðslu í upplýsingatækni fyrir starfsmenn skólanna í Skagafirði. Síðar í nóvember voru Samtökin 78 með hinsegin fræðslu fyrir allt starfsfólk skólans og nemendur unglingsstigs.

### RÁÐSTEFNUR, NÁMSFERÐIR OG NÁMSKEIÐ UTAN SKÓLANS

Undanfarin ár hefur Árskóli verið í skólasamstarfi við önnur Evrópulönd og hefur samstarfið hlotið Erasmusstyrki. Sjá nánar í kafla um tengsl við erlenda skóla.

Nokkrir starfsmenn sóttu Utís ráðstefnuna sem haldin var í Árskóla 5. - 6. nóvember. Skólastjórnendur sóttu námstefnu SÍ sem haldin var á Akureyri í október. Haustþing KSNV féll niður á þessu skólaári vegna samkomutakmarkana. Nokkrir rafrænir fyrirlestar voru í boði í vetur, sem einstakir starfsmenn nýttu sér.

#### FRÆÐSLUDAGUR

Sameiginlegur fræðsludagur starfsfólks leik- og grunnskóla, FNV og Tónlistarskóla Skagafjarðar sem vera átti í Miðgarði í Varmahlíð í upphafi skólaárs féll niður vegna samkomutakmarkana.

#### ÞRÓUNARVERKEFNI – NÝBREYTNISTARF

##### VINALIÐAVERKEFNIÐ

Skólaárið 2012 - 13 hóf Árskóli þátttöku í norsku verkefni, Trivselsprogrammet eða Vinaliðaverkefninu, ásamt öðrum skólum í Skagafirði. Er það liður í viðleitni skólanna til að hvetja nemendur til meiri þátttöku í afþreyingu og almennri hreyfingu í frímínútum og skapa um leið betri skólaanda.

Í Vinaliðaverkefninu setja ákveðnir nemendur, Vinaliðar, upp leiki og afþreyingu í frímínútum fyrir skólafélaga sína. Vinaliðarnir eru valdir af bekkjarfélögum og umsjónarkennurum og er hlutverk þeirra, auk þess að sjá um leikina, að fylgjast með samnemendum, veita þeim athygli sem eru einir og láta vita ef þeir verða varir við útilokun, einelti eða annað sem valdið getur nemendum vanlíðan. Markmið Vinaliðaverkefnisins er forvörn gegn einelti, aukin hreyfing og leiðtogaþjálfun. Í vetur, sem og undanfarna vetur, hefur Árskóli verið móðurskóli fyrir Vinaliðaverkefnið á landsvísu og aðstoðað aðra skóla við innleiðingu þess.

Þrátt fyrir erfiðar aðstæður í samfélaginu þá gerðu þátttökuskólarnir allt til þess að halda verkefninu úti. Í haust voru 50 skólar þátttakendur og þar af 2 nýir skólar. Þetta tókst mjög vel. Á haustönn voru haldin leikjanámskeið og var farið með það inn í hvern og einn skóla og tók það um 9 vikur. Vegna Covid-19 var verkefnið á vorönninni heldur frábrugðið því sem venja er. Ekki var hægt að halda Vinaliðanámskeið og var því brugðið á það ráð að gera myndband með leikjum og sá svo hver og einn skóli um að kynna Vinaliðaleikina fyrir sínum Vinaliðum. Notast var við myndband frá Noregi sem var aðlagað að okkur.

Á næsta skólaári verður aftur farið í það fyrirkomulag sem tekið var upp í fyrra, að taka 2 - 4 skóla saman á námskeið, 80 - 100 krakkar á námskeiði úr mismunandi skólum. Það tókst mjög vel til með þetta fyrirkomulag og var mikil ánægja með það.

## LESTRARSTEFNA

*Lestur er börnum bestur* er heiti Lestrarstefnu Skagafjarðar. Markmið lestrarstefnu Skagafjarðar eru: Að efla læsi í tónlistar-, leik- og grunnskólum í Skagafirði, að skapa samfellu í læsisnámi barna og byggja ofan á þann grunn sem fyrir er og efla samstarf við heimilin á sviði lestrar. Stefnan leit fyrst dagsins ljós haustið 2018 og kom þá út á prenti. Í kjölfarið var henni dreift inn á öll heimili nemenda í Árskóla eftir kynningu á fræðslufundum fyrir foreldra. Lestarstefnan er einnig aðgengileg á rafrænu formi á heimasíðu skólans og þar verður hún uppfærð reglulega því stefna eins og þessi þarf að vera í stöðugri endurskoðun. Sú endurskoðun er í höndum læsisráðs Skagafjarðar en í því sitja fulltrúar fyrir hvern leik- og grunnskóla í firðinum. Í læsisráði fyrir Árskóla situr Anna Steinunn Friðriksdóttir.

## BYRJENDALÆSI

Byrjendalæsi er sú kennsluaðferð sem Árskóli leggur til grundvallar í lestrarkennslu á yngsta stigi. Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð í læsi ætluð yngstu nemendum og tók innleiðingarferlið tvö ár undir handleiðslu Miðstöðvar

skólaþróunar Háskólans á Akureyri. Því formlega samstarfi lauk vorið 2012. Nú leiða tveir leiðtogar verkefnið heima í héraði, þær Anna Steinunn Friðriksdóttir deildarstjóri sérkennslu í Árskóla og Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir deildarstjóri á Hólum. Í Byrjendalæsi er unnið með lestur, ritun, tal og hlustun á heildstæðan hátt og lögð áhersla á orðaforða og lesskilning. Viðfangsefni eru sótt í merkingarbæran texta og þá gjarnan í barnabækur. Mikið er lagt upp úr samvinnu nemenda og einstaklingsmiðun í kennslu. Segja má að Byrjendalæsi leiði af sér bæði fjölbreytni í læsisaðferðum og kennsluháttum. Vænst er skuldbindingar að hálfu nýrra kennara á yngsta stigi við aðferðina þannig að þeir fara í gegnum tveggja ára nám sem felst í fræðslu um aðferðina og ráðgjöf þar að lútandi frá leiðtogum. Þrír kennarar frá Árskóla hefur lagt stund á nám í byrjendalæsi í vetur en alls hafa 22 kennarar í Árskóla útskrifast sem byrjendalæsiskenningar. Jákvæðni og ánægja er mikil með vinnubrögð Byrjendalæsis, bæði hjá nemendum og kennurum, þannig að óhætt er að segja að vel hafi tekist til við að festa Byrjendalæsi í sessi í skólastarfi yngstu nemendanna.

#### OLWEUSARSTARFIÐ

Árskóli hefur tekið þátt í áætlun Olweusar gegn einelti allt frá árinu 2002. Þorbjörg Sandra Magnúsdóttir náms- og starfsráðgjafi gegndi starfi verkefnastjóra Olweusaráætlunarinnar í Árskóla til áramóta.

Fyrri hluta skólaársins var Olweusarvinna skólans takmörkuð vegna heimsfaraldurs af völdum Covid-19. Hefðbundin Olweusarvinna var þó í öllum bekkjum skólans þar sem bekkjarreglur voru settar og hengdar upp í heimastofum, bekkjarfundir voru haldnir reglulega og eineltisáætlunin og eineltishringurinn rifjaður upp.

Í upphafi skólaárs var áhersla lögð á að innleiða Sometics tengslakönnunarforritið. Verkefnastjórinn fundaði með deildarstjórum og kennurum á öllum stigum og kynnti forritið. Spurningalistar voru gerðir í samvinnu við deildarstjóra stiganna, misjafnt

var hversu margar spurningar voru lagðar fyrir á hverju stigi. Einungis var notast við jákvæðar spurningar varðandi tengsl nemenda innan bekkjarins og spurningar um líðan þeirra innan og utan skóla. Stigagjöfin var í formi broskalla á yngsta stigi en stjörnugjöf á mið- og unglingastigi. Í nóvember hófst fyrirlögn könnunarinnar og lauk henni í desember 2021. Fundað var um niðurstöður kannananna með deildarstjórum og umsjónarkennurum í einhverjum tilfellum og voru niðurstöður vistaðar inni á árgangadrifum.

Þann 8. nóvember var baráttudagur gegn einelti haldinn í Árskóla. Dagskráin var fjölbreytt þar sem vinabekkir hittust í minni hópum í bekkjarstofum árganganna. Skipulag þessa dags var í höndum umsjónarkennara og annars starfsfólks samkvæmt viðburðadagatali.

Olweusarkönnunin í 5. - 10. bekk var ekki lögð fyrir tvö síðastliðin ár eins og venja hefur verið, en tíðni eineltis var mælt í nemendakönnun Skólapúlsins. Niðurstöður Skólapúlsins leiddu í ljós að *einelti* mældist marktækt undir landsmeðaltali nú í ár en hefur heldur aukist miðað við niðurstöður frá síðustu mælingu innan skólans. *Tíðni eineltis* mælist 10,3% í Árskóla sem er -4,3% lægra en á landsvísu (14,6%). Sextán nemendur í 6. – 10. bekk segjast hafa orðið fyrir einelti skv. könnuninni. Skilgreining á einelti skv. Skólapúlsinum samræmist hins vegar ekki skilgreiningu á einelti skv. eineltisáætlun Olweusar sem skólinn starfar eftir. Í Skólapúlsinum getur nemandi svarað því til að hann hafi orðið einu sinni fyrir einelti á 30 daga tímabili, og flokkast það sem einelti í könnun Skólapúlsins. Í Olweusaráætluninni er einelti hins vegar ekki skilgreint sem slíkt nema nemandi hafi orðið fyrir því tvisvar til þrisvar í mánuði eða oftar.

Lykilmannahópurinn heldur áfram að starfa samkvæmt Olweusaráætlun næsta skólaár, í þeirri von að hægt verði að hafa samfelldara starf en verið hefur síðastliðin tvö skólaár sem hefur markast af heimsfaraldri af völdum Covid-19. Áætlað er að

unnið verði áfram með tengslakönnunarforritið Sometics og það lagt fyrir tvisvar sinnum á næsta skólaári í öllum árgöngum.

Það er markmið starfsfólks Árskóla að áfram verði unnið öflugt forvarnarstarf í skólanum gegn einelti en það verður seint undirstrikað hversu stórt hlutverk foreldrar og nærsamfélagið spila í þessari baráttu.

## VINAVERKEFNIÐ

*Vinaverkefnið er samstarfsverkefni leik-, grunn- og framhaldsskóla, frístundasviðs og foreldra í Skagafirði. Starfsfólk frístundar hefur verið í forsvari fyrir vinaverkefnið sl. skólaár.*

*Grunnhugmynd Vinaverkefnisins er að ekkert barn í Skagafirði upplifi vinalausa æsku og að það þurfi heilt þorp til að ala upp barn. Vinaverkefnið hófst formlega vorið 2008 og var fyrstu árin styrkt af styrktarsjóðnum Sáttmála til sóknar. Vinaverkefnið hlaut Foreldraverðlaun Heimilis og skóla 2011.*

Eitt af verkefnum vinateymisins hefur verið að halda vinadag í Skagafirði með áherslu á samveru árganga, leik, söng og dans. Nemendur og starfsfólk allra grunnskólanna í firðinum auk nemenda úr skólahópum leikskólanna þriggja og starfsmanna þeirra, ásamt 1. árs nemum FNV, hafa undanfarin ár tekið þátt í vinadeginum.

Á þessu skólaári var dagskrá vinadaga með öðrum hætti. Í lok apríl var tveggja daga dagskrá sem grunnskólarnir þrír í Skagafirði stóðu í sameiningu fyrir. Þema vinadaganna var geðrækt, hreyfing og listir. Yngsta stig (1. - 4. bekkur) í öllum skólunum kom saman í Árskóla, miðstigið (5. - 7. bekkur) kom saman í Grunnskólanum austan Vatna á Hofsósi og unglingsstigið (8. - 10. bekkur) í Varmahlíðarskóla. Þar var unnið í listasmiðjum undir stjórn listnámsnema úr Listaháskóla Íslands. Dagskránni lauk með listasýningu seinni daginn þar sem foreldrar voru sérstaklega boðnir velkomnir.

# FYLGISKJÖL

## FYLGISKJAL 1 – SKÓLADAGATAL 2021 - 2022

Samband íslenskra sveitarfélaga		Skóladagatal 2021 - 2022												Nafn skóla: <b>AFRSKOLI</b>	
ÁGUST	SEPTEMBER	OKTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUÁR	MARS	APRIL	MAI	JUNÍ					
1. S	1. M	1. F	1. M	1. M	1. L	1. P	1. P	1. F	1. S	1. M	1. M	1. M	1. M	1. M	
2. F	2. L	2. S	2. P	2. F	2. S	2. M	2. M	2. L	2. M	2. F	2. F	2. F	2. F	2. F	
3. S	3. S	3. S	3. M	3. F	3. M	3. F	3. F	3. S	3. P	3. F	3. F	3. F	3. F	3. F	
4. M	4. M	4. M	4. F	4. L	4. P	4. F	4. F	4. M	4. M	4. M	4. M	4. M	4. M	4. M	
5. F	5. P	5. P	5. F	5. S	5. M	5. L	5. L	5. P	5. F	5. S	5. S	5. S	5. S	5. S	
6. F	6. M	6. M	6. L	6. M	6. F	6. S	6. S	6. M	6. F	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	
7. L	7. P	7. F	7. S	7. P	7. F	7. M	7. M	7. F	7. L	7. P	7. P	7. P	7. P	7. P	
8. S	8. M	8. F	8. M	8. M	8. L	8. P	8. P	8. F	8. S	8. M	8. M	8. M	8. M	8. M	
9. M	9. F	9. L	9. P	9. F	9. S	9. M	9. M	9. L	9. M	9. M	9. M	9. M	9. M	9. M	
10. P	10. F	10. S	10. M	10. F	10. M	10. F	10. F	10. P	10. P	10. F	10. F	10. F	10. F	10. F	
11. M	11. L	11. M	11. F	11. L	11. P	11. F	11. F	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	11. M	
12. F	12. S	12. P	12. F	12. S	12. M	12. L	12. L	12. P	12. F	12. S	12. S	12. S	12. S	12. S	
13. F	13. M	13. M	13. L	13. M	13. F	13. S	13. S	13. M	13. F	13. M	13. M	13. M	13. M	13. M	
14. L	14. P	14. F	14. S	14. P	14. F	14. M	14. M	14. L	14. M	14. M	14. M	14. M	14. M	14. M	
15. S	15. M	15. F	15. M	15. M	15. L	15. P	15. P	15. M	15. F	15. M	15. M	15. M	15. M	15. M	
16. M	16. F	16. L	16. P	16. F	16. S	16. M	16. M	16. L	16. F	16. M	16. M	16. M	16. M	16. M	
17. P	17. F	17. S	17. M	17. F	17. M	17. L	17. L	17. P	17. F	17. M	17. M	17. M	17. M	17. M	
18. M	18. P	18. F	18. F	18. L	18. P	18. M	18. M	18. L	18. F	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M	
19. F	19. P	19. S	19. F	19. M	19. L	19. P	19. P	19. M	19. F	19. M	19. M	19. M	19. M	19. M	
20. F	20. M	20. L	20. M	20. F	20. M	20. F	20. F	20. M	20. L	20. M	20. M	20. M	20. M	20. M	
21. L	21. P	21. F	21. S	21. M	21. L	21. P	21. P	21. M	21. F	21. M	21. M	21. M	21. M	21. M	
22. S	22. M	22. F	22. M	22. F	22. L	22. M	22. M	22. L	22. F	22. M	22. M	22. M	22. M	22. M	
23. M	23. F	23. L	23. M	23. F	23. M	23. L	23. L	23. P	23. F	23. M	23. M	23. M	23. M	23. M	
24. P	24. S	24. M	24. M	24. F	24. M	24. F	24. F	24. M	24. P	24. F	24. F	24. F	24. F	24. F	
25. M	25. L	25. M	25. F	25. L	25. M	25. P	25. F	25. M	25. M	25. M	25. M	25. M	25. M	25. M	
26. F	26. S	26. P	26. M	26. S	26. M	26. L	26. L	26. P	26. F	26. M	26. M	26. M	26. M	26. M	
27. F	27. M	27. L	27. M	27. F	27. L	27. M	27. S	27. M	27. F	27. M	27. M	27. M	27. M	27. M	
28. L	28. P	28. F	28. M	28. P	28. F	28. M	28. M	28. L	28. P	28. F	28. F	28. F	28. F	28. F	
29. S	29. M	29. L	29. M	29. F	29. M	29. L	29. P	29. M	29. F	29. M	29. M	29. M	29. M	29. M	
30. F	30. P	30. S	30. M	30. F	30. M	30. L	30. P	30. M	30. F	30. M	30. M	30. M	30. M	30. M	
31. P	31. S	31. M	31. F	31. M	31. L	31. P	31. F	31. M	31. L	31. M	31. M	31. M	31. M	31. M	



